

ÁLIT RÁÐGEFANDI NEFNDAR
SKV. 16. GR. SIÐAREGLNA FYRIR ALÞINGISMENN

Mál nr. 1/2019.

1.

Beiðni um álit.

Ráðgefandi nefnd skv. 16. gr. siðareglna fyrir alþingismenn (siðanefnd) hefur borist erindi forsætisnefndar, dags. 1. apríl 2019.

Tilfnið er erindi Kristjáns Halls, ódagsett, um meint brot Ágústs Ólafs Ágústssonar á siðareglum. Í erindinu er óskað eftir því að mál þingmannsins er „fjallar um kynferðislegt áreiti hans gagnvart konu verði tekið til umfjöllunar af forsætisnefnd og síðan verði því vísað til siðanefndar Alþingis“. Í erindinu er vísað til c-liðar 5. gr. siðareglna fyrir alþingismenn um að þingmenn skuli ekki kasta rýrð á Alþingi eða skaða ímynd þess með framkomu sinni, og 7. gr. um að þingmenn skuli í öllu háttarni sínu sýna Alþingi, stöðu þess og störfum virðingu.

Í erindi sínu óskar forsætisnefnd eftir því að siðanefnd veiti álit á því hvort háttarni Ágústs Ólafs „falli undir opinbera framgöngu hans sem þjóðkjörins fulltrúa og hvort líta megi svo á að hún hafi tengst málum sem hafi verið áberandi í þjóðfélagsumræðunni“.

2.

Málsmeðferð.

Siðanefnd hefur fjallað um málið á fundum sínum. Eins og fram kemur í erindi forsætisnefndar fylgdu engin gögn erindi Kristjáns Halls. Þó liggur fyrir umfjöllun í fjölmiðlum um helstu málsatvik, sbr. yfirlýsingu Ágústs Ólafs frá 7. desember 2018 og athugasemdir þolanda við yfirlýsinguna frá 11. desember sama árs. Siðanefnd fékk einnig bréf Ágústs Ólafs til forseta Alþingis, dags. 8. mars 2019.

Í 1. mgr. 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn segir að einstaklingum og lögaðilum sé heimilt að leggja fram í eigin nafni skrifleg og rökstudd erindi um meint brot á siðareglunum. Markmið kröfunnar um rökstuðning er að greiða fyrir ákvörðun um rannsókn og frekari málsmeðferð. Í því máli sem hér um ræðir er vísað, án rökstuðnings, til tiltekinna ákvæða siðareglna málinu til stuðnings.

Í greinargerð með þingsályktunartillögu þeirri sem Alþingi samþykkti sem þingsályktun nr. 23/145 segir að gert sé ráð fyrir að skrifstofa Alþingis taki við einstökum erindum og komi þeim til siðanefndar. Lögð sé áhersla á að erindi skuli vera skrifleg frá nafngreindum aðilum og að með aðilum sé átt við einstaklinga og lögaðila.¹ Af ákvæði 17. gr. og skýringargögnum verður ekki ráðið að frekari kröfur séu gerðar um aðild að máli. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að sá sem beinir erindinu til forsætisnefndar er alls ótengdur því máli sem kvörtunin lýtur að. Sá einstaklingur sem hin meinta háttarni þingmannsins bitnaði á hefur ekki leitað til forsætisnefndar vegna meints brots á siðareglum. Þá verður einnig að hafa í

¹ 145. lögjafarþing 2015–2016, þskj. 115, 115. mál.

huga sérstöðu slíkra mála. Vegna þessa telur siðanefnd að málið verði ekki vel rekið fyrir siðanefnd. Taki hún málið til umfjöllunar muni hún m.a. þurfa að afla upplýsinga frá aðila sem ekki hefur óskað eftir afskiptum forsætisnefndar af því.

Með vísan til framangreinds telur siðanefnd tormerki á því að hún taki málið til umfjöllunar. Eins og mál þetta liggur fyrir telur siðanefnd sér ekki fært að leggja mat á þau álitaefni sem felast í framangreindu erindi forsætisnefndar til sín.

24. apríl 2019.

Jón Kristjánsson, formaður.

Margrét Vala Kristjánsdóttir.

Róbert H. Haraldsson.